Nd. **247. Lög**

um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Nd. 8. marz).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 19. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.